



**Ávarp**  
**forseta Íslands**  
**Ólafs Ragnars Grímssonar**  
**á 10 ára afmæli**  
**Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna**  
**2. september 2001**

Kæru hátíðargestir

Á merktum tímamótum Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna færi ég félaginu og ykkur öllum innilegar heillaóskir og þakklæti þjóðarinnar fyrir hið mikla starf sem félagið hefur unnið, starf sem vissulega hefur skilað margvíslegum úrbótum í þágu sjúkra barna og fjölskyldna þeirra og um leið orðið vakandi samvíska þjóðarinnar, hjálpað okkur öllum að þróa samkennd með þeim sem eiga um sárt að binda, gefið þúsundum nýja von, kjark til að takast á við áföll sem birtast í fyrstu sem örlög grimm en geta með aðstoð og lækningu orðið að lífsreynslu sem gerir okkur að vitrari og skilningsbetri manneskjum.

Þótt margt sé enn ógert ber okkur á þessum afmælisdegi að gleðjast yfir þeim fjölpætta árangri sem náðst hefur á tíu ára starfstíma félagsins, árangri í réttindabaráttu og fjármögnun á margvíslegri þjónustu, árangri læknávisindanna í glímunni við hinn illskæða sjúkdóm.

Margar tegundir krabbameins sem áður fyrr voru nánast dauðadómur eru nú læknanlegar í ríkum mæli þótt meðferðin geti verið þrautaganga bæði fyrir hina sjúku og aðstandendur þeirra.

Það er ógerningur að lýsa gleðinni í brjóstum okkar þegar við sjáum börnin heilbrigð á ný bregða sér á leik og heilsa lífinu með breiðu brosi; þakklætið til allra þeirra sem hjálparhönd réttu á sjúkdómstíma fyllir hjörtu okkar heitum tilfinningum.

En samt leitar hugurinn einnig á slíkum stundum til þeirra sem urðu að lúta í lægra haldi og við reynum á margvíslegan hátt að létta þeim sorgina sem eftir lifa. Við erum þó í reynd hjálparvana og eigum erfitt með að skilja hví börnum séu búin slík örlög.

Samkenndin sem Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna hefur skapað og sá lífsreynslusjóður sem félagarnir geyma með sér hafa reynst ærið mörgum hjálparhönd sem leiddi til huggunnar og skóp kjark og áráðni til að takast á við erfiðleika.

Félagið hefur verið annað og meira en baráttutæki. Það hefur veitt mörgum skjól og athvarf og jafnt og þétt aukið skilning þjóðarinnar, okkar allra, á nauðsyn þess að efla samhjálp sem eftir er kallað og veita stuðning sem beðið er um.

Vissulega er margt ógert hvað snertir réttindi og aðstoð, aðbúnað fjölskyldna og barna á meðferðartíma og við að tryggja samfellu í öflun fjármagns.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna mun áfram halda vöku sinni og árétta hugmyndir og tillögur um úrbætur og nýja skipan. Í því brýna starfi mun sá bakhjarl sem félagið á hjá þjóðinni vítt og breitt um landið allt vonandi reynast aflið sem úrslitum ræður.

Hvað eftir annað hefur þjóðin sýnt í verki að hún vill leggja ykkur og baráttunni gegn krabbameini öflugt lið og ég vona að þið hikið ekki í framtíðinni við að kalla eftir þeirri hjálp.

Það þarf oft á tíðum ótrúlegt þrek til glíma við veikindi barna sinna og vera um leið öflugur liðsmaður í samtökum sem eiga iðulega á brattann að sækja. Margar slíkar hetjur hafa á þessum tíu árum gert Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna að öflugum vettvangi sem breytt hefur viðhorfum og skilningi bæði ráðamanna og almennings.

Það fórnfúsa framlag ber okkur að þakka sérstaklega á þessum degi, þakka öllum þeim sem hér hafa komið að þörfu verki, og þá kannski einkum þeim sem haldið hafa áfram að leggi félaginu lið þótt sorgin yfir því að missa börnin sín hafi verið þeim og sé enn hin þyngsta byrði.

Ég vona að framtíðin muni færa félaginu áfram nýja sigra og ítreka hér heillaóskir og þakkir sem þjóðin sameinast um að færa ykkur.

Megi gæfa og guðs blessun fylgja því merka starfi sem félagið sinnir og æ fleiri njóta í framtíðinni þeirrar einstæðu gleði að sjá börnin sín lækna og ná heilsu á ný.

Til hamingju með afmælið.